

Nd. 476. Rökstudd dagskrá

samþykkt í Nd. 14. ágúst.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson.

(Frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi á þgskj. 240).

Samþykkt þessa frv. væri sama sem afnám bannlaganna. En nú eru þau lög orðin til samkvæmt alþjóðar atkvæði, og væri því óhæfa að afnema þau nema samkvæmt undangenginni almennri atkvæðagreiðslu um málið. Þar sem engin slík atkvæðagreiðsla hefir fram farið, verður deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.